



Miðstjórn Samiðnar skorar á ríkisstjórnina að draga verulega úr tekjutengingum almannatrygginga

Á síðasta ári voru gerðar breytingar á lögum um almannatryggingar þar sem tekjutenging var hækkuð úr 38,38% í 45% og felld voru niður frítekjumörk vegna atvinnutekna og lífeyris frá lífeyrissjóðum. Þessar breytingar hafa komið mjög illa við marga lífeyrisþega vegna lækkunar lífeyris. Einstaklingur sem hefur t.d. 100.000 kr. í atvinnutekjur fær einungis um rúmar 30.000 kr. til ráðstöfunar og eigi hann rétt á heimilisuppbót verður skerðingin enn meiri

Miklar tekjutengingar draga úr vilja fólks til að greiða í lífeyrissjóði og hvatinn til atvinnuþátttöku minnkar verulega vegna mikilla skerðinga. Miðstjórn Samiðnar skorar á Alþingi að bregðast fljótt við og gera nauðsynlegar breytingar og tryggja að samspil almannatrygginga við aðrar tekjur verði með þeim hætti að fólki njóti eðlilegs ávinnings af því að greiða í lífeyrissjóð og afla sér atvinnutekna samhliða töku lífeyris.

Núverandi samspil lífeyris frá almannatryggingum við aðrar tekjur er lítilsvirðing við eldra fólk sem er búið að standa skil á sköttum alla sína starfsævi. Miðstjórn Samiðnar krefst þess að nú þegar verði brugðist við og tekjutengingar almannatrygginga lækkaðar og tryggt verði að lífeyrisþegar hafi skýran fjárhagslegan ávinning af því að fá lífeyri frá lífeyrissjóði og afla atvinnutekna .

10. febrúar 2017